

11. maí 2016 kl: 19:30



## Aðalfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir úr stjórn: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir og Lilja Gísladóttir. Fjarverandi Ellert Guðmundsson,

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Fundarstjóri fundar. Lilja Gísladóttir kosin fundarstjóri aðalfundar. Lilja kynnti dagskrá fundar.
2. Ársreikningur. Guðbjörg gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Ársreikningurinn var samþykktur.
3. Starf vetrarins. Lilja fór yfir starf Foreldrafélagsins veturinn 2015-2016 og kynnti það sem gert hefur verið.
4. Þátttaka Foreldrafélagsins í skólastarfinu. Rætt var um hvernig hægt væri að virkja foreldrafélagið betur, fá foreldrana til að taka meiri þátt og hafa meiri aðkomu að skólastarfinu. Skoða þarf nánar hvernig foreldrar nálgast starfsfólk skólans betur og tengjast þeim meira. Mikilvægt er að fá foreldra til samstarfs og hugmyndavinnu, hvað þetta málefni varðar.
5. Starf bekkjarfulltrúa. Starf bekkjarfulltrúa kynnt og útskýrt hvernig haldið var utan um þá af hálfu Foreldrafélagsins. Það fyrirkomulag sem haft var á í vetur hefur gefist vel og virðist vera almenn ánægja meðal bekkjarfulltrúa um góða eftirfylgni af hálfu félagsins.
6. Tveir stjórnarmeðlimir segja sig úr stjórn félagsins, það eru Ellert Guðmundsson og Lilja Gísladóttir. Við þökkum þeim kærlega fyrir vel unnin störf í stjórn Foreldrafélagsins.
7. Nýjir meðlimir stjórnar. Óskað var eftir nýjum framboðum í stjórn félagsins og nýjir inn í stjórnina komu þær Birna Baldursdóttir og Ingunn Ósk Svavarsdóttir. Við bjóðum þær velkomnar til starfa með félaginu.

8. Önnur mál:

- a) Aðkoma og virkni foreldra að skólastarfinu. Áframhaldandi umræður um hvernig hægt væri að virkja foreldrana betur inn í skólann og tengja þá meira skólasamfélaginu í heild.
- b) Fyrirkomulag árshátíðar. Rætt var um skipulag og fyrirkomulag árshátíðar Giljaskóla. Mikið hefur mætt á foreldrum 10. bekkinga á árshátíðardögum skólans en þeir sjá um allar veitingar. Rætt um hvort breyta ætti fyrirkomulaginu yfir í súpu og léttari veitingar. Einnig rætt um hvort fleiri en foreldrar 10. bekkinga ættu að sjá um veitingarnar. Nokkrar umræður sköpuðust um þetta málefni. Núverandi fyrirkomulag er orðið að 20 ára gamalli hefð.

Aðalfundi slitið kl. 20:15.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir

*Í framhaldi af aðalfundi Foreldrafélagsins kom fulltrúi félagsmiðstöðvanna frá Rósenborg og kynnti starf og aðkomu þeirra að félagsmiðstöðvum bæjarins sem og fyrirhugað foreldrarölt sem fyrirhugað er að setja á fót á Akureyri í haust í forvarnarskyni.*